

NORÐURLJÓS

Fréttabréf Norðurláls

7. tbl. 10. ágúst 2012. Ritstjórar: Trausti Gylfason og Brian D. Marshall. Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg. Umsjón: Skessuhorn ehf.

Ritnefnd: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Ásmundur Jónsson, Birna Björnsdóttir, Bjarni I. Björnsson og Sverrir Guðmundsson. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir, Þórhallur Ásm. o.fl.



Góð stemning var í Hellishólaferð Norðurláls í júlí. Sjá fleiri myndir úr ferðinni í blaðinu.

Ljósm. Ása Birna Viðarsdóttir.

Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Kæra samstarfsfólk!

Síðustu sex vikurnar hefur Öryggisvísitalan verið á grænu svæði sem segir okkur að starfsmenn gæta fyllsta öryggis við störf sín. Nokkrir þættir spila þar inn í en einn af þeim er að í vor fengum við óvenju hátt hlutfall af afleysingafólki til okkar sem hafði áður unnið í verksmiðjunni og þekkti því aðstæður og kunnir til verka. Ég vil nota tækifærið og þakka því fólki þá tryggð sem það sýnir Norðurláls og ég vona að það velji sér Norðurláls sem vinnustað aftur að ári. Að fá inn vel þjálfaða starfsmenn í afleysingar er ómetanlegt. Annar þáttur sem líka er mikilvægur er „öruggt atferli“ en nú hefur það verkefni verið í gangi frá áramótum og er



það mál manna að öryggismálin hafi grafið sig enn dýpra í menningu Norðurláls með tilkomu þess. Miklar væntingar eru gerðar til verkefnisins og er ljóst að fleiri starfsmenn verða þjálfaðir í „öruggu atferli“ í september að loknum sumarleyfum.

Við fengum því miður súrál af lakari gæðum en við eigum að venjast og hefur það truflað kerreksturinn og framleiðsluna í júlí. Að öðru leyti hefur rekstur framleiðsludeilda verið í jafnvægi og án truflana. Lítið hefur verið um stórar bilanir og hafa viðhaldsteymi staðið sig frábærlega. Það er afar ánægjulegt að sjá hve vel sumarstarfsmenn viðhaldsdeilda hafa verið undirbúnir fyrir störf sín og hversu góða þjálfun og leiðbeiningar þeir hljóta.

Nú er langt liðið á sumarið, síðasti hópur

starfsmanna fór í sumarfrí í byrjun ágúst. Þar með stýttist í að skólafólkið hverfi aftur til síns náms. Það er rétt að allir séu meðvitaðir um að þegar að þessum tímamótum kemur er ákveðið hætta á ferðum. Ungum starfsmönnum finnst vinnan leikur einn miðað við það sem var í vor og hættir til að slaka á árvekninni. Munum að unnið er við varasamar aðstæður þar sem andartaks gáleysi getur leitt til alvarlegs slyss. Hættum aldrei að sýna varkárni og fyrirhyggju, vinnum verkin fúlaust og af yfirvegun, slökum aldrei á öryggisreglum sem gilda á hverju verksvæði. Reglurnar eru settar ykkar vegna en einnig má segja að farsæld fyrirtækisins byggist á að þær séu virtar. Stöndum saman, sýnum gott fordæmi.

Gunnar Guðlaugsson, framkvæmdastjóri

Heilsan í sumarfríinu

Í sumarfríinu njóta flestir þess að slaka á og breyta út af hinu reglubundna daglega lífi. Við slökum vel á, gerum vel við okkur í mat og drykk, og oftar en ekki fækkum við líka ferðunum í íþróttasalinn. Sumarfrið varir þó ekki endalaust og þó að það sé ástæðulaust að fyllast samviskubiti yfir því að hafa látið reka á reiðanum þurfum við samt sem áður að taka á honum stóra okkar og komast í rétta gírinn aftur.

Með því að gefa okkur tíma til að hreyfa okkur reglulega getum við komið í veg fyrir fjölmarga líkamlega kvilla. Hreyfing snýst ekki eingöngu um að léttast til að líta betur út heldur bætum við heilsuna á margvíslegan hátt.

Eftir langt æfingahlé getur okkur reynst erfiðast að reima á okkur skóna og koma okkur af stað. Góðu fréttirnar eru þær að um leið og ákvörðunin hefur verið tekin þá verður æfingin auðveldari. Það sem í upphafi lítur út fyrir að vera ófyrstíganlegur þröskuldur verður ekki vandamál eftir að við erum farin af stað. Fyrsta skrefið er að byrja og hér eru nokkur atriði sem hjálpa okkur að koma okkur í gang eftir frið:

Taktu einhvern með þér

Tveir eru betri en einn og það á við í þessu tilfelli líka. Ef þú átt í erfiðleikum með að halda þig að verki í ræktinni þá er betra að hafa einhvern með sér. Þú þekkir örugglega

einhvern sem vill lifa heilbrigðu lífi og þegar tveir eru saman komnir stappa þeir stálinu hvor í annan þegar erfitt er að koma sér í gang. Það er líka miklu skemmtilegra að svitna í góðum félagsskap.

Byrjum hægt

Ein stærsta hindrunin sem við setjum fyrir okkur þegar við ætlum að byrja að hreyfa okkur eftir langt hlé er skilgreining okkar sjálfra á „æfingum.“ Við viljum annað hvort gera þetta með stæl, eða sleppa því. Allt eða ekkert. Okkur finnst að ef við náum ekki að synda 20 ferðir eða skokka stanslaust í hálf tíma sé æfingin tilgangslaus. En þegar við erum að fara af stað eftir langt hlé, eða jafnvel að byrja frá grunni, þá þurfa væntingar okkar að vera raunhæfar. Að gera lítið er meira en að gera ekki neitt og við þurfum ekki að hlaupa heilt maraþon á fyrsta degi. Góður daglegur göngutúr er ágætis byrjun.

Fyrir og eftir

Önnur hindrun á veginum þegar við byrjum að æfa eru meiðsli. Sumir eru svo ákafir að byrja að þeir ganga of langt í upphafi og skaða sjálfa sig með of miklu álagi. Byrjum rólega, hitum vel upp í byrjun æfingar og teygjum á vöðvum eftir að æfingu lýkur. Ekki er svo verra að fá nudd á auma vöðva af og til.

Fjölbreytni

Hér er góð þumalputtaregla: Á meðan þú stendur í lappinnar ertu á réttri leið. Það er ekki skylda að kaupa árskort í ræktina eða klífa hvert einasta fjall sem þú sérð. Þú þarft ekki heldur að velja hreyfingu sem fær þig til að finnast að lungun séu um það bil að yfirgefa líkamann með látum. Það er ótalmargt í boði og mikil fjölbreytni í líkamsrækt. Hvernig væri að læra dans? Eða badminton? Hópiþróttir, eins og fótþolti og körfubolti, henta mörgum vel. Eltingaleikur með börnunum er góð hreyfing og brennir þó nokkrum hitaeyningum. Hugsum út fyrir rammann, því skokk er ekki eina hreyfingin, þó okkur hætti til að festast í þeirri ranghugmynd.

Farðu til læknis

Ef það er orðið mjög langt síðan þú hefur stundað nokkra hreyfingu að ráði er ágætt að byrja á því að kíkja til læknis og láta hann kanna stöðuna á skrokknum. Gott er að láta mæla blóðþrýsting og fleira til að ganga úr skugga um hversu mikið álag líkaminn þoli til að byrja með og hvers konar æfingar henta þér. Einnig getur hann ráðlagt með mataræði ef þörf er á að gera breytingar á því.

*Steinunn Kristín Pétursdóttir,
mannauðssviði*

Rétt notkun persónuhlífa

Nokkuð hefur borið á því undanfarið að starfsmenn hafi gengið gegnum tunnuhlíðin án þess t.d. að vera búnir að fullloka skóm sínum og jafnvel verið án öryggisgleraugna. Mikilvægt er að starfsfólk mæti fullbúið til starfa og lítið er svo á að þegar inn fyrir tunnuhlíð er komið séu í gildi allar reglur um persónuhlífanotkun. Fulltrúar af öryggisviði hafa staðið við innganga verksmiðjувæðisins og minnt starfsfólk góðlátlega á mikilvægi þess að bera persónuhlífanar rétt, nota hlífðargleraugu og hafa skó vel lokaða. Stjórnendur hafa kynnt starfsmönnum þetta átak í notkun persónuhlífa. Nauðsynlegt er að nota fyrstu mínúturnar í upphafi vaktar eða vinnudags til að rifja upp þessi öryggisatriði. Hvatt er til þess að starfsmenn brýni hver fyrir öðrum að bera persónuhlífanar ávallt rétt, strax og komið er inn á athafnasvæðið.

Trausti Gylfason, öryggisstjóri



Upplýsingatæknideild

Ein af fjölmörgum deildum Norðuráls er upplýsingatæknideild sem oft er nefnd tölvudeild meðal starfsmanna. Blaðamaður Norðurljósa heimsótti deildina og ræddi við Emil Hilmarsson deildarstjóra um starfsemi deildarinnar. Emil segir að helstu verkefni upplýsingatæknideildar felist í að reka net- og tölvukerfi Norðuráls á öllum starfsstöðvum; á Grundartanga, Helguvík og Borgartúni. Þar að auki eru fjarskiptamál innan fyrirtækisins á ábyrgð deildarinnar svo og aðgangsstýringar. Hér er m.a. um að ræða internetstengingar, víðnetstengingar til allra starfsstöðva, tengingar þjónustuaðila og starfsmanna inn í kerfi Norðuráls ásamt víðnetstengingum til Bandaríkjanna. Deildin er til húsa í móttökuhúsi og eru starfsmenn hennar fimm.

Tæki og töl sem tölvudeildin þarf að ganga úr skugga um að séu í lagi eru ófá enda starfsemi Norðuráls viðfeðm. Emil segir að eins og sakir standa séu á bilinu 270-280 vinnustöðvar með tölvum í fullri virkni hjá fyrirtækinu. Tölvunum til stuðnings eru 50-60 netþjónar að störfum sem hýsa margvísleg gögn og forrit. Notendur, þeir sem hafa aðgang í einhverju mæli að tölvukerfinu, teljast nú um 450. Umsvifin eru þar af leiðandi nokkur í tölvukerfinu



Starfsmenn deildarinnar. Frá vinstri Bjarni Jarlsson, Jón H. Sveinsson, Emil Hilmarsson og Stefán Magnússon. Á myndina vantar Kjartan Þorsteinsson.

og segir Emil að tölvubúnaður sé reglulega endurnýjaður svo kerfið geti virkað sem best. Þá eru um 300 farsímar í notkun hjá fyrirtækinu, 25 tetra stöðvar og loks 50 myndavélar, en myndavélar eru meðal annars notaðar til að vakta framleiðslulínur. Í ýmis horn er því að líta hjá starfsmönnum deildarinnar. Emil bætir því við að meginhlutverk deildarinnar sé að sjá til þess að öll tölvukerfi, vél- og hugbúnaður, virki hvort sem þau eru innan- eða utanhúss. Rekstur hugbúnaðar skipar einnig nokkurn sess í starfi tölvudeildar. Sem dæmi má nefna rekstur innra netsins. „Innra net fyrirtækisins er nú rekið í forritinu SharePoint en

unnið hefur verið að því að koma því í almenna notkun hjá starfsmönnum undanfarna mánuði. Það mun þjóna sem almennt vinnuumhverfi starfsmanna og skjalavörslukerfi allra gagna sem til verða í tölvunum. Mikilvægt er að halda vel utan um gagnavinnslu og því er brýnt að búnaðurinn sé aðgengilegur og virki,“ segir Emil. Að lokum var Emil spurður um hvaða verkefni væru á döfinni hjá deildinni. „Nýtt framleiðslukerfi er í burðarlíðnum fyrir ker- og steypuskála. Það mun leysa af Concorde kerfið. Reiknað er með að nýja kerfið verði tekið í notkun í haust,“ segir Emil deildarstjóri upplýsingatæknideildar að lokum.

Öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum

Nú hafa öryggisleiðbeiningar um efnanotkun verið gefnar út fyrir Kerfóðrun. Unnið er að gerð þeirra fyrir fleiri deildir og skammt er í að öryggisleiðbeiningar fyrir steypuskála og kerskála líti dagsins ljós.

Hvað eru öryggisblöð?

Öryggisleiðbeiningar/Öryggisblöð eru lýsingar á efnum sem notuð eru í iðnaði og víðar. Þar kemur m.a. fram:

- Verslunarheiti efnis
- Heiti efnisins og framleiðandi
- Innihaldsefni
- Váhrif
- Persónuhlífar
- Fyrstu hjálpar viðbrögð
- Viðbrögð við eldsvoða
- Geymsluaðferðir
- Flutningsaðferðir

Gott er að kynna sér öryggisblöðin fyrir þau efni sem mest eru notuð eða þau sem mest váhrif hafa og tileinka sér notkun persónuhlífa í samræmi við leiðbeiningarnar.

Öryggisblöðin eru einnig aðgengileg á innranetinu undir „Öryggi.“ <http://innranet/oryggi/>



Þóra Jónsdóttir með öryggisblöðin.

oryggisleiðbeiningar_80102/Forms/Kerfrun.aspx Þar er einnig fljótlegt að finna upplýsingar úr öryggisblöðunum, þ.e. helstu hættu- og varnaðarsetningar ásamt hættuflokkum. Jafnframt er þar lýst takmörkun váhrifa sem þýðir hvernig skulu verjast áhrifum efnisins ef þess er þörf. Hægt er að leita m.a. eftir heiti efnisins eða vörunúmeri. Enn sem komið er eru öryggisblöðin mörg hver á ensku en unnið er að þýðingu þeirra. Öryggisviðið hvetur starfsfólk til að kynna sér öryggisblöðin eftir því sem við á og liggur ekki á liði sínu til að afla frekari upplýsinga ef þörf krefur. Sérstakar kynningar verða haldnar fyrir deildirnar þegar öryggisblöðin eru tilbúin fyrir viðkomandi deild.

Nánari upplýsingar gefur Þóra Jónsdóttir á öryggisviði, thora@nordural.is eða GSM 664-8516.



Hlutirnir verða að gerast svo að ævintýrin verði til

Um miðjan júlí var starfsmaður Norðuráls á leið heim úr vinnu og ók sínum einkabíl Innnesveginn til Akraness. Veður var mjög gott þennan dag svo að hann var með gluggann hjá sér galopinn þegar hann ók inn í bæinn. Þegar hann er kominn til móts við Dvalarheimili aldraðra, Höfða, þá tók hann eftir nokkrum svartböckum sem voru að hefja sig til flugs. Sá hann að einn hafði eitthvað í kjaftinum en veitti því ekki sérstaka athygli þar sem hann ók á löglegum hraða, þ.e. 50km/klst. Flugstefna svartbakanna var í áttina að Innnesvegnum og skipti engum togum að sá sem var með kjaffyllina náði ekki að hefja sig nógu bratt til flugs þannig að þegar fluglína fuglsins og aksturslína bílsins skárust endaði svartbakurinn hálfur inn um gluggann á bílstjórahurðinni með bráðina í goggnum. Bæði manni og fugli varð svo mikið um þetta að eftir að hafa horfst í augu fáein augnablik sleppti svartbakurinn bráðinni sem féll dauð í klotið á öikumanninum sem ók sína leið en vargurinn varð eftir á götunni hálfvankaður, hristi sig áður en hann hóf sig til flugs að nýju - matarlaus. Höggvið var svo mikið þar sem fuglinn flaug á bílinn að hurðarstafurinn dældaðist. Það var ekki fyrr en komið var heim að starfsmaðurinn gaf sér tíma til að skoða það sem komið hafði inn um gluggann og kom þá í ljós hálfvaxinn kríuungi sem hafði fallið fyrir varginum. Útför ungans fór fram í Hvalfjarðarsveit að viðstöðu fámenni. Merkileg saga sem á sér varla hlíðstæðu.

Spurning dagsins

Hvernig líkar þér að vinna hjá Norðuráli?

(Sumarafleysingafólk svarar)

Stóriðjuskóli Norðuráls að hefjast að nýju

Önnur önn Stóriðjuskóla Norðuráls hefst í september. Hjá miðvikudagshópnum hefst skólinn 5. september á meðan föstudagshópurinn hefur nám 7. september. Þeir áfangar sem kenndir verða í önninni framundan eru:

- Námstækni og samskipti
- Öryggismál
- Stærðfræði
- Tölvur

- Vélfræði
- Eðlisfræði
- Efnafræði – Rafefnafræði
- Umhverfismál
- Eldföst efni
- Gæðastjórnun

Líkt og áður þá koma kennarar Stóriðjuskóla Norðuráls frá Fjölbautaskóla



Vesturlands á Akranesi og Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi auk þess sem sérfræðingar frá Norðuráli sjá um sérhæfðari áfanga. 32 starfsmenn eru í náminu og munu þeir útskrifast eftir þriðju önn næsta vor.

Brian Daniel Marshall,
mannauðssviði



Birgir Þór Guðbrandsson,
umhverfis- og verkfræðideild

Mjög vel. Skemmtileg deild sem ég vinn í.



Haukur Atli Hjálmarsson,
rafmagnsverkstæði

Það er mjög gaman.



Helgúvík

Burðarvirkið varið fyrir veðri og vindum

Fyrirhugað álver Norðuráls í Helgúvík er að taka á sig mynd, en í sumar hefur hópur vaskra manna frá vélsmíðju Hjalta Einarssonar unnið við að álklæða burðarvirkið. Það er úr stáli og mun óhjákvæmilega ryðga verði það látið standa óvarið. Stálgrindin var reist sumarið 2009 og er rúmur fjórðungur af áætlaðri stærð kerskálanna. Hafa

menn gert við skemmdir á burðarverkinu, slípað og málað, og eru nú langt komnir með að setja upp veggklæðninguna sem er um 18 þúsund fermetrar. Auk hennar á að leggja 20 þúsund fermetra þakklæðningu fyrir veturinn. Áætluð verklok eru í september. Þrátt fyrir að framkvæmdir Norðuráls í Helgúvík séu í hæggangi er nokkurt

líf á framkvæmdasvæðinu. Auk hópsins sem vinnur við að klæða burðarvirkið má nefna þrjá þýska sérfræðinga sem fylgdu völsunarvél sem sérstaklega var flutt inn frá Þýskalandi til að beygja álið í þakkantinn. Hópur manna starfar svo neðanjarðar, ef svo má segja, við að grafa og sprengja fyrir frárennislögn svo dæmi sé tekið.



Hólmfríður Eysteinsdóttir,
A-vakt

Bara fínt.



Konráð Karl Andrésson,
kranaverkstæði

Mjög vel. Þetta er fin tilbreyting.



Ingveldur María Hjartardóttir,
A-vakt

Mjög vel. Tólf tímarnir eru fljóttir að líða.





Rólegt yfirbragð Íslands heillar

Dedik Ajus Ariana hefur starfað hjá Norðuráli á Grundartanga í ríflega átta ár. Dedik er fæddur og uppalinn á eyjunni Balí í Indónesíu og er því um langan veg kominn til Íslands. Ytra nam hann ferðamálafræði í skóla og starfaði í nokkur ár við ferðaþjónustu en Balí er afar vinsæll ferðamannastaður. Hann fluttist til Íslands í október 2006 ásamt þáverandi unnustu sinni, sem er íslensk og var þá barnshafandi. Liðlega mánuði eftir komuna til landsins hóf Dedik störf hjá Norðuráli og hefur hann starfað hjá fyrirtækinu allar götur síðan í steypuskála á B-vakt og líkað afar vel. Í júlí hlotnaðist Dedik loks íslenskur ríkisborgararéttur frá Alþingi. Vegna umsóknarinnar naut hann aðstoðar Norðuráls, sótti m.a. námskeið í íslensku á vegum fyrirtækisins auk þess sem hann æfði íslensku sína með því að ræða við vinnufélaga sína á B-vakt. Þá rituðu yfirmenn hans á vaktinni meðmælubréf fyrir hans hönd vegna umsóknar hans um ríkisborgarétt. Dedik kveðst ánægður með að verða orðinn Íslendingur enda sé hér á landi gott að búa og starfa.

Veðráttan sérstæð

Aðspurður um viðhorf sín til lands og þjóðar segir Dedik að hér á landi standi veðráttan upp úr. „Balí

og Ísland eru algjörar andstæður þegar kemur að veðráttu, loftslagi og landslagi. Hvert land þó á sinn sérstæða hátt. Balí er við miðbaug og þar er afar hlýtt og rakt loftslag. Miklar strendur eru á eyjunni og eru þær vinsælar meðal ferðamanna sem þangað koma. Birtan er loks í mun meira jafnvægi milli árstíða þar. Ísland er hins vegar kaldari og vindasamari staður og skammdegið setur sinn svip á veturna. Þó er mun rólegra yfirbragð yfir Íslandi, sérstaklega á veturna, sem mér líkar ágætlega,” segir Dedik og bætur því við að sér finnist íslenskt landslag sérlega fallegt.

Norðurál er góður vinnustaður

Eins og áður sagði hefur Dedik unnið í steypuskála allan sinn starfsferil hjá Norðuráli. Hann segir að andinn meðal samstarfsmanna sinna sé góður og honum líði vel í vinnunni. „Ég met það mikils að góður vinnuandi er til staðar. Einhver myndi halda að erfitt væri að aðlagast nýjum aðstæðum á nýjum slóðum fyrir mann sem kemur frá fjarlægum landi hinum megin á hnetinum. Slíkt var ekki upp á teningnum hjá Norðuráli og fann ég frá fyrstu stundu að maður var tekinn í hópinn með opnum

örmun. Fyrir það er ég þakklátur,” segir Dedik. Hann reynir eftir fremsta megni að taka þátt í félagslífinu með vinnufélögnum þegar stund gefst til. Stundum sé farið út og eitthvað skemmtilegt gert utan vinnu t.d. farið í bíó eða út að borða. Að mati Dediks bætir slíkt vinnuandann og eflir tengsl starfsfólks.

Er brettakall með meiru

Strendur Balí höfðu áhrif á áhugasvið Dedik. Spurður um áhugamál sagði hann við blaðamann Norðurljósa að hann hefði afar gaman að fara á brimbretti. Göðar öldur væri að finna við Balí og hann hafi stundað brimbretti síðan 2001. Dedik viðurkennir að nokkurn tíma hafi tekið að ná tókum á jafnvæginu sem er eðli máls samkvæmt helsta forsenda þess að geta stundað brimbretti. Hann hafi að endingu náð tókum á því. Einnig hafa snjóbretti átt hug hans og stefnir Dedik að því að leggja meiri rækt við þau í framtíðinni og ætlar um leið að kynna börnum sínum, þeim Gunnung og Dharman, fyrir skíðaþróttinni. Þá stundar hann jóga í frítíma sínum sem hann mælir eindregið með. Fátt sé jafn slakandi og krefjandi og góð jógaæfing fyrir hug og líkama, segir Dedik að endingu.

Átta góð ár á Íslandi

Norðurljós greindi frá því í síðasta tölublaði að Ron Curry hefur lokið störfum hjá Norðuráli. Ron starfaði hjá Norðuráli á Íslandi í átta ár, eða frá árinu 2004, en hann fer nú á eftirlaun. Hann er verkfræðingur að mennt og sinnti á Íslandi verkefnisstjórnun vegna nýframkvæmda Norðuráls. Meðal þeirra verkefna sem hann kom að var stækkun álversins á Grundartanga og loks framkvæmdir í Helgúvik. Að síðara verkefninu vann hann að frá ársbyrjun 2008. Blaðamaður Norðurljósa sló á þráðinn til Rons og spurði hann um veruna á Íslandi. „Ég naut þess að vera á Íslandi enda hefði ég aldrei ílengst á landinu í átta ár ef mér hefði ekki líkað við landið, fólkíð og menningu þess. Sérstaklega

fundust mér sumrin ágæt, þá skartar landið sínu fegursta,” sagði Ron og bætti því við að hann nýtti veru sína á Íslandi vel til að skoða landið. „Þeir voru ófáir staðirnir á Íslandi sem ég heimsótti ekki á þessum átta árum. Eftirminnilegustu landshlutarnir eru Snæfellsnes og Vestfirðir. Þar er náttúran í senn stórbrotin og falleg.”

Aðspurður hvaða verkefni væru á döfnni sagði Ron glaðbeittur að hann væri nú þegar kominn í vinnu hjá eiginkonunni. Þau dvelja nú í húsi sínu í Texas og biða þar næg verkefni til að sinna innan- og utanhúss. Að endingu þakkaði Ron fyrir tíma sinn hjá Norðuráli á Íslandi sem að hans mati var góður og lærdómsríkur. Hann stofnaði til fjölmargra vina-



og kunningjatengsla, ekki síst við starfsmenn Norðuráls. Það metur hann mikils og vonast til að hitta einhverja af þeim í framtíðinni, hvort sem er á Íslandi eða í Bandaríkjunum.

Hellishólar

Árlegt ferðalag starfsmanna Norðuráls að Hellishólum í Fljótshlíð var farið helgina 20-22. júlí sl. Þrátt fyrir slæma veðurspá rættist úr veðrinu og höfðu þeir sem mættu gaman af verunni eystra. Margt var gert, m.a. farið í skoðunarferð að Seljalandsfossi. Hér gefur að líta svipmyndir frá ferðinni en það var Ása Birna Viðarsdóttir sem tók myndirnar.



Í þá gömlu góðu daga

Meðfylgjandi mynd er tekin einn merkisdag árið 2004 en þá var biðofn í steypuskálanum í fyrsta skipti kyntur með rafmagni. Þetta þótti mikil bylting í umhverfi starfsmanna en fram að þeim tíma voru biðofnarnir kyntir með olíu. Mengun stafaði af olíubrennurunum auk þess sem þeir voru hávaðasamir. Þessir tveir glaðbeittu herra menn, Ívar Már Jónsson og Guðbrandur Gimmel, voru á þeim tíma starfsmenn verkfræðisviðs hér á Grundartanga og sáu um uppsetningu á búnaðinum f.h. Norðuráls. Ívar er í dag starfsmaður Mannvits en Guðbrandur er starfsmaður Norðuráls í Helgukvík og vinnur jafnframt að endurræsingu rafskautaverksmiðjunnar sem Century hefur nýlega keypt í Vlissingen í Hollandi.



Frá vinstri, Ívar Már Jónsson og Guðbrandur Gimmel.

Hver er?

Nafn: Ingbór Sigurðsson.

Starf: Lagermaður.

Fæðingarstaður og -dagur: Akranesi, 2. janúar 1960.

Fjölskylduhagur: Giftur og á 4 börn.

Hvenær byrjaðir þú hjá Norðuráli? Í febrúar 2001.

Það skemmtilegasta fyrir utan vinnuna? Ferðast með konunni.

Aðaláhugamálið? Fótbolti og aðrar íþróttir.

Uppáhalds matur? Kebab.

Uppáhalds drykkur? Bjór.

Ertu hjátrúafull/ur? Bæði og.

Hvaða persónu í mannkynssögunni vildir þú helst hitta? Sir Matt Busby fyrrverandi þjálfari Man Utd.

Uppáhalds sjónvarpsefni? Íþróttarásirnar.
Besta bókin sem þú hefur lesið? Saga Man Utd.

Hvaða hljómsveit eða söngvara heldur þú mest upp á? Eagles.

Uppáhalds íþrótt eða hreyfing? Hjólreiðar og ræktin.

Lýstu þér í þremur orðum? Samvirkusamur, duglegur, traustur.

Fallegasti staður á Íslandi? Siglufjörður.

Til hvaða lands langar þig mest að ferðast? Kúbu.

Framtíðarplön? Ferðalög um heiminn með Svölu minni.



Sudoku

4				9	6		2	
1	6					3	9	
3	9				5		8	
7		8					4	9
	1	4				6	7	
9	5					1		8
	2		7				6	3
	4	3					1	7
	7		8	1				2


Auðveld

	7		1		9	5	6	2
					6			7
		9	4			3		
	9		3		8			
	6			9			3	
			5		4		8	
		5			3	7		
9			8					
7	3	6	9		2		4	

Miðlungs

					7	2	8	
7			5		6			
		8			3	6		
9		5						6
8				5				7
3						4		9
		4	7			3		
			6		8			2
	7	3	9					

Erfið



HREYFÐU ÞIG OG STYRKTU UM LEIÐ GOTT MÁLEFNI Á GANGA.IS!

Starfsfólki Norðuráls býðst nú, annað árið í röð, að taka þátt í ganga.is, verkefni UMFÍ. Þið skráið ykkur einfaldlega á ganga.is og þar getið þið safnað áheitum sem renna óskipt til góðgerðamála. Þátttakendur skiptast í lið eftir deildum og vöktum og upphæðirnar sem safnast eru eftirfarandi:

1. hreyfing	1.500 kr.
2. hreyfing	500 kr.
3. hreyfing	500 kr.
4. hreyfing	500 kr.
5. hreyfing	500 kr.
6. hreyfing	500 kr.
7. hreyfing	500 kr.
Samtals safnast:	4.500 kr.

Að auki mun Norðurál greiða liðsverðlaun að upphæð 75.000 kr. fyrir hvern eftirtalinn flokk:

- Besti árangur liðs (meðaltal)
- Besta þátttaka í liði (hlutfall starfsfólks deildar/vaktar sem tekur þátt)
- Besti einstaklingsárangur

Góðgerðamálin sem við ætlum að styrkja í ár eru:

- Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis
- Mæðrastyrksnefnd Vesturlands
- Unicef
- Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna
- Reykjadalur, sumarbúðir fyrir fötluð börn.

Liðakeppnin stendur frá 5. júní til 15. september 2012 og fer skráning fram á ganga.is.



NORÐURÁL
CenturyALUMINUM